



Dýrahjálp Íslands

Fréttabréf
Október 2009



Fréttabréf Dýrahjálpar Íslands



Sælir kæru félagar og dýravinir!

Í fréttabréfi Dýrahjálpar Íslands að þessu sinni, verður stiklað á stóru og fjallað um helstu atburði frá síðustu áramótum. Helst ber þar að nefna Ættleiðingardagar Dýrahjálpar Íslands sem voru í apríl og ágúst.

Að auki erum við stolt að fá að láta fylgja grein frá Heiðrúnu Villu hundapjálpara sem fjallar um listina að taka að sér hund.

Haustkveðja,

Stjórn Dýrahjálpar





Ættleiðingardagar Dýrahjálpar Íslands



Á árinu hefur Dýrahjálpar Íslands staðið fyrir tveimur ættleiðingar-dögum. Í bæði skiptin var atburðurinn haldinn í Garðheimum.

Apríl:

Dýrahjálpar Íslands stóð fyrir fyrstu ættleiðingardögum félagsins í byrjun apríl síðastliðinn. Þar voru gæludýr af öllum stærðum og gerðum, hundar, kettir, kanínur og fuglar.

Atburðurinn fór fram úr okkar björtustu vonum og gríðarlegur fjöldi dýra fékk nýtt heimili.

Ágúst:

Sumarið var erfitt fyrir kettina í landinu. Vegna efnahagsástandsins hafði fjöldinn allur af köttum misst heimili sín, bæði vegna flutninga eiganda erlendis og í húsnæði þar sem ekki eru leyfð dýr og vegna þess að fólk hefur ekki lengur efni á að halda dýrin. Vegna þessa ástands hafði mikið álag verið á fósturheimili Dýrahjálpar yfir sumartímann og því var nánast fullt á öllum fósturheimilum fyrir ketti. Því var ákveðið að standa fyrir ættleiðingardegi einungis fyrir ketti.

Árangur dagsins var framúrskarandi. Yfir þrjátíu kettir fengu góð framtíðarheimili, sem var framar okkar villtustu vonum. Eftir ættleiðingardaginn í ágúst gat Dýrahjálpar aftur opnað dyr sínar fyrir köttum í neyð.

ÆTTLEIÐINGADAGUR DÝRAHJÁLPAR ÍSLANDS FYRIR KETTI



DÝRAHJÁLPAR ÍSLANDS - fyrir dýr sem vantar nýtt heimili

www.dyrahjalp.is



Hérna eru nokkrir kisar sem hafa fengið heimili





Punktur-is



Þið takið kannski eftir því að þið fáið Fréttabréfið sent úr öðru tölvupóstfangi en síðast.

Við erum nú orðin punktur-is félag og höfum nú fært tölvupóstföng og heimasíðu til samræmis.

Við breyttum heimasíðunni á sama tíma og erum gríðarlega ánægð með breytingarnar, hún auðveldar þeim vinnuna sem skoða dýrin, skrá dýrin og okkur hinum sem sjáum um heimasíðuna. Þessi vinna var að sjálfsögðu unnin í sjálfböðastarfi og er ennþá verið að vinna í því að gera hana betri og er ætlunin að bæta við ýmsum fleiri möguleikum sem líta dagsins ljós síðar. Við viljum nota tækifærið til að þakka Einari Jónssyni fyrir þessa frábæru vinnu við að hanna og smíða nýju heimasíðuna og fyrir að gera vinnu okkar mun auðveldari fyrir vikið! Þú ert engill!!





Fjölmiðlar



Fjölmiðlar er mikilvægur þáttur í að koma Dýrahjálpar Íslands á framfæri við almenning. Á árinu hafa fjölmiðlar tekið vel í að auglýsa atburðina okkar og stefnum við á áframhaldandi aukningu á birtingu í fjölmiðlum.

Meðal þeirra fjölmiðla sem hafa verið duglegir að veita Dýrahjálpar athygli er Fréttablaðið. Blaðið birti frétt um fósturkettina okkar í aðdraganda seinni ættleiðingadags og stuttu seinna birtist á sama miðli frétt um hundana sem við auglýsum á heimasíðunni.

Vikan hafði samband við okkur og tók viðtal við fulltrúa samtakanna og birtist myndarleg opna um starfsemina um síðustu verslunarmannahelgi.

Í sömu viku og Vikan tók viðtal, var okkur boðið í kaffi í morgunþættinum Morgunfrúin á RÚV 1 til að spjalla um dýrin.

Að auki herjuðum við á aðra fjölmiðla fyrir ættleiðingardagana og fengum mikla umfjöllun bæði í apríl og ágúst og erum þakklát fyrir.



Ásbjörg Una Björnsdóttir
og Helena Rafnsdóttir hjá
Dýrahjálpar.
Fréttablaðið/stefán



Jólakort Dýrahjálpar Íslands



Til fjármögnunar á starfsemi Dýrahjálpar var farið af stað fyrir síðustu jól í að selja jólakort. Salan gekk vel og er því stefnan sett á að gera slíkt hið sama fyrir næstu jól.

Jólakortin eru átta saman í pakka. Hver pakki er með átta mismunandi kortum sem öll hafa jóla-dýra-boðskap.

Heiðurinn af jólakortunum á listamaðurinn Tinna Kristjánsdóttir og kunnum við henni miklar þakkir fyrir hugmyndaauðgina drifkraftinn! ☺

Það er hægt að panta jólakortin beint af heimasíðu Dýrahjálpar!!

Endilega bendið dýravinum á jólakortin, hér er um að ræða góðan málstað og frumleg og fyndin dýrajólakort ☺.

Hér að neðan eru tvö af átta kortum sem eru í hverjum pakka.





Facebook



Dýrahjálpar Íslands er ekki einungis með heimasíðuna www.dyrahjalp.is til að koma upplýsingum um fósturdýrin á framfæri. Við erum einnig með facebook síðu sem hefur gagnast okkur gríðarlega vel.

Við stofnuðum facebook síðuna á síðasta ári og fjöldi vina í gegnum þá síðu var á árinu 2009 kominn upp í hámarkið sem er 5.000. Þá var okkur ráðlagt að stofna “fan”-síðu á facebook sem við gerðum stuttu seinna. Við höfum því fært helstu upplýsingagjöf af venjulegu facebook síðunni yfir á aðdáendasíðuna.

Í dag erum við með um 7.700 “aðdáendur” sem fá upplýsingar um atburði tengdum Dýrahjálpar og upplýsingar um nýjustu fósturdýrin okkar.

Ef þið eruð ekki ennþá búin að skrá ykkur sem “aðdáendur” á facebook, þá er dagurinn í dag tilvalinn til þess 😊





Hvernig gengur starfsemi Dýrahjálpar fyrir sig?



Þrátt fyrir að vera búin að vinna starfið okkar í meira en ár þá vita ekki allir hvernig starf Dýrahjálpar Íslands gengur fyrir sig.

Kjarnastarfsemi okkar snýr að því að finna ný heimili fyrir dýr sem vantar heimili.

Flest dýrin eru stálpuð dýr sem núverandi eigendur geta ekki lengur haft á sínu heimili vegna ýmissa ástæðna. Eigendur dýranna þurfa að flytja í nýtt húsnæði þar sem ekki er leyfi fyrir dýrahaldi, ofnæmi hefur komið upp á heimilinu, eigendur eru að flytja erlendis og geta ekki tekið dýrin með sér og svo framvegis.

Hagur dýranna er að sjálfsögðu það sem skiptir mestu máli og því er best ef dýrið getur verið á núverandi heimili þar til framtíðarheimili finnst til að minnka streituáhrifin sem því fylgir fyrir dýrin að skipta um heimili. Í sumum tilfellum eru aðstæður þannig að dýrin geta með engu móti verið lengur á núverandi heimili og því bjóðum við upp á fósturheimili þar til framtíðarheimili finnst.

Fósturheimilin samanstanda af yndislegum einstaklingum og fjölskyldum sem bjóða heimili sín fram í því millibilsástandi sem verður þangað til framtíðarheimili finnst. Í dag eru um 300 heimili á skrá sem fá upplýsingar um þau dýr sem vantar heimili og þeir svara kallinu sem hafa til þess aðstæður hverju sinni. Fósturheimilin eru því “eigendur” dýranna í þann tíma sem dýrið leitar heimilis og sjá þeim fyrir fæði og umhyggju.

Frá því fósturheimilakerfið var sett í gagnið hafa gríðarlega mörg dýr farið á fósturheimili sem annars hefði þurft að svæfa.

Ef þú hefur aðstæður til þess að taka að þér dýr í skemmri tíma þá getur þú skráð þig á heimasíðu okkar.



Propac



Propac (snati.is og kisa.is) er nú orðinn samstarfsaðili Dýrahjálpar Íslands. Á næstu misserum verður þeim aðilum sem taka að sér hunda eða ketti af fósturheimilum Dýrahjálpar færð gjöf frá fulltrúum Propac.

Við kunnum þeim miklar þakkir fyrir og vonumst eftir gæfuríku samstarfi á þessum vettvangi.





Fjöldi dýra sem hefur fengið heimili frá stofnun



Frá stofnun félagsins í maí 2008 hefur Dýrahjálpar Íslands aðstoðað fjölda dýra í heimilisleit, eða alls 203 hunda, 274 ketti, 45 kanínur, 24 hamstra, 36 fugla, 4 mýs, 27 naggrísi, 6 fiska og 1 salamöndru.



Alexandra Guðný hefur veitt nokkrum köttum í neyð húsaskjól þar til þeir finna nýtt heimili.
Fréttablaðið/Arnpór





Hvað gerir maður ef maður lendir í vandræðum með kisu



Það fylgir gæludýraeign að eiga það á hættu að lenda í vandræðum með hegðun gæludýranna. Hegðunin getur verið lítilvæg og auðvelt að venja dýrið af því, önnur hegðun getur verið hættuleg dýrinu og öðrum. Þá er nauðsynlegt að geta leitað til aðila sem geta aðstoðað.

Uppátæki hunda eru allt frá því að stela sokkum til að fela þá, urra að fólki með sólgleraugu alveg upp í það að éta sófa. Þegar við lendum í vandræðum með hundana okkar þá eru til staða mörg úrræði fyrir eigendur. Meðal úrræða eru hundapjálfarar og hundaatferlisfræðingar, sjónvarpsþættir, ýmsar bækur og heimasíður. Það hefur verið gefið út mikið af efni um atferli hunda en af einhverjum ástæðum eru úrræði kattaeigenda ekki eins mörg.

Eftir að hafa ítrekað fengið fyrirspurnir frá kattaeigendum vegna hinna ýmsu vandræða með ketti, þá fórum við á stúfana og leituðum að sérfræðingum í hegðun katta. Þar var ekki um auðugan garð að gresja í samanburði við hundana.

Það sem kom upp úr krafsinu eftir samtöl við hina ýmsu aðila, eru tvær heimasíður.

- Cats.com
- Catsscratching.com

Vegna þess að eigendur katta geta ekki hringt í næsta kattapjálfara til að leita lausna við vandræðum þá virðast stundum eigendur þeirra gefast upp og leitast við því að losna við dýrið. Á þessum heimasíðum eru alls konar upplýsingar um ketti ásamt lausnum sem geta auðveldað sambúð katta og eigenda þeirra.

Svo hjálpar auðvitað að þetta eru afbragðs skemmtilegar og fræðandi síður!!



Hvað er á döfinni hjá Dýrahjálpi?



Næstu mánuðir verða viðburðaríkir hjá Dýrahjálpi Íslands! Það verður mikið um að vera til jóla og margir atburðir eru nú þegar komnir á dagatalið. Við bjóðum ykkur öllum að kíkja til okkar í spjall og þegar dýrin eru á staðnum fæst að sjálfsgöðu ókeypis dýrafaðmrag!

Við munum á flestum atburðum vera með jólakort, boli og fleira til sölu til að fjármagna starfsemina.

Hér að neðan má sjá þá atburði sem við erum búin að fastsetja til jóla, og þegar líður á veturinn munu fleiri atburðir bætast við. Frekari upplýsingar um atburðina verður að finna á heimasíðu Dýrahjálpar þegar nær dregur.

Október

Alþjóðleg sýning HRFÍ	Lau-sun	3.- 4. okt	9:00-17:00
Dýraríkið	Lau	3. okt	13:00-17:00
Kolaportið	Lau-sun	31. okt -1. nóv	9:00-17:00 og 10:00-18:00

Nóvember

Dýraríkið	Lau	7. nóv	13:00-17:00
Kolaportið	Lau-sun	7-8. nóv	9:00-17:00 og 10:00-18:00

Desember

Dýraríkið	Lau	5. des	13:00-17:00
Jólaþorpið í Hafnarfirði	Lau-sun	5.-6. des	13:00-18:00
Jólaþorpið í Hafnarfirði	Lau-sun	12-13 des	13:00-18:00
Jólaþorpið í Hafnarfirði	Lau-sun	19.-20. des	13:00-18:00
Jólaþorpið í Hafnarfirði	Mið	23 des	18:00-23:00



Að taka að sér hund (1/5)



Eftirfarandi grein er skrifuð af Heiðrúnu Villu hundaatferlisfræðingi. Það er okkar mat að hver sem tekur að sér hund hafi sérstaklega gott af því að lesa þessa grein til að hafa til viðmiðunar þegar kemur að því taka nýjan hund inn á heimilið.



Heiðrún Villa.
Mynd frá Heiða.is.

Að taka að sér hund

Höfundur: Heiðrún Villa

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að auðvelda hundi að aðlagast fljótt þeirri breytingu að koma inn á nýtt heimili. Hundar lifa í nútíðinni og því fljótir að aðlagast en það er gott að hafa nokkur atriði í huga svo þetta gangi allt sem best.

Ef þú eða þið hafið ákveðið að veita hundi fósturheimili er mikilvægt að allir aðilar innan heimilisins séu með og eru tilbúnir að fara eftir þeim reglum sem settar verða fyrir hundinn. Ef einhver er ekki með og fylgir ekki helstu reglunum verður aðlögunin erfiðari fyrir alla aðila.

Gott er að setjast niður áður en hundurinn kemur á heimilið og skoða hvernig orkustig og karakter af hundi þið eruð tilbúin að takast á við. Orkumiklir hundar þurfa góða hreyfingu og það er mikilvægt að því sé sinnt. Hundar með hegðunarvanda þurfa mikinn aga og það er mikilvægt að það sé farið eftir þeim reglum sem settar eru. Að vera með orkumikinn hund og hund með hegðunarvanda er skemmtilegt viðfangsefni hafi maður áhuga og góðar upplýsingar frá fagaðila til að vinna í vandanum. Að sjá árangur gefur heilmikið og það er heilsubót fyrir alla að fara út í göngutúr.



Að taka að sér hund (2/5)



Gott er að skrifa niður þær reglur sem þið viljið að hundurinn fari eftir og þið eruð sammála um. Reglurnar gætu verið til dæmis:

- *Trína á ekki að fá að koma upp í rúm eða sófa.*
- *Trína má ekki sníkja við matarborðið eða fá afganga.*
- *Það á að hundsá Trínu þegar hún er æst, þe. ekki að tala við hana, horfa á eða klappa henni.*
- *Þegar Trína er róleg má klappa henni og sýna athygli.*
- *Trína á að fara úr forstofunni áður en gestir koma inn og fær ekki athygli ef hún er æst.*
- *Það er bannað að stríða og atast í Trínu.*
- *Trína á að vinna fyrir matnum sínum með því að setjast og vera róleg. Eins þegar hún vill fá nammi eða dót.*

Það er gott að fara eftir nokkrum atriðum til að gera fyrsta daginn og nóttina auðveldu fyrir alla aðila.

Þegar þú hittir hundinn, hvort sem það er í fyrsta skipti eða þegar þú ert að sækja hann skaltu hundsá hann til að byrja með. Þar sem hundar nota nefið á undan augum og eyrum er gott að leyfa honum að þefa að þér og kanna þig aðeins. Ef hundurinn er æstur er um að gera að hundsá hann þar til hann hefur róast. Mundu að hundur hefur enga getu eða löngun til að læra um eða vera manneskja en við höfum getuna til að læra um atferli hunda og reyna að koma okkur í þeirra spor að einhverju leiti. Því skaltu reyna eftir bestu getu að horfa ekki á hundinn sem manneskju. Hundur er dýr með ALLT aðrar þarfir og langanir en við.



Að taka að sér hund (3/5)



Hundurinn á eftir að finna fljótt þinn karakter og kanna hvort þú sért leiðtogaefni eða ekki. Því er um að gera að verkenna ekki hundinum, taka hann ekki upp og knúsa eða leyfa honum að komast upp með allt bara útaf því hann er heimilislaus eða hefur átt erfiða fortíð. Hundar skynja vel hvað maður er að spá og treysta ekki karakterum sem verkenna of mikið. Það er innbyggt í þeirra eðli að hafa foringja sem sýnir yfirvegum og stjórnar og þeir byrja strax að athuga hvort þú sért komin til að taka við stjórninni eða hvort þeir geti stjórnað þér.

Fyrsta athöfnin sem þú skalt gera með hundinum er að taka hann í göngutúr. Þá meina ég að hann sé að fara með þér í göngu, ekki þú með honum. Ganga manns og hunds er besta og fljótlegasta leiðin til að byggja upp traust og virðingu og til að sýna hver ætlar að stjórna. Ekki leyfa hundinum að vera fyrir framan þig, hafðu hann við hliðina á þér eða fyrir aftan og sýndu yfirvegum en ákveðni ef hann ætlar framúr þér og leiðréttu. Ef hundurinn er ekki góður við hæl er það einfaldlega eitthvað sem þarf að æfa betur. Eftir um það bil tuttugu mínútur til hálf tíma göngu er í lagi að hafa tauminn lengri og leyfa hundinum að þefa og skoða umhverfi sitt í nokkrar mínútur svo er gott að halda áfram með hæl gönguna. Hafðu slaka á taumnum þegar hundurinn er á réttum stað og leiðréttu þegar hann fer framúr með því til dæmis að stoppa og fá hann á réttan stað. Aldrei leiðréttu hund ef þú finnur fyrir pirring eða reiði það gerir þig að minni leiðtoga í hans huga á þann hátt að hann virðir þig minna. Ef þú finnur fyrir stressi eða óöryggi finnur hundurinn það einnig. Leiðtogar eru ávallt yfirvegaðir og í jafnvægi, hafa reglur og takmarkanir og leiðréttu þegar mistök eru gerð, taka mistökin ekki persónulega og halda áfram. Þeir eru stöðugt að minna á reglurnar og eru staðfastir með þær, en leiðréttu aldrei í bræði eða pirring.



Að taka að sér hund (4/5)



Það að hreyfa hund áður en hann kemur inn á heimilið hjálpar að eyða allri auka orku og auðveldar honum nóttina því ef hann er þreyttur sefur hann frekar en að finna fyrir stressi. Ég myndi mæla með hálf tíma til klukkutíma göngu. Gott er að ganga um nágrenni heimilisins þar sem hundurinn á að búa svo hann kynnist því aðeins.

Þegar þú kemur með hundinn heim er gott að hann sé rólegur áður en hann fer inn í íbúðina og að þú farir inn á undan, það sýnir hundinum að þetta er þitt svæði sem þú stjórnar. Það að venja hund að fara inn og út á eftir þér er góður siður og kemur í veg fyrir æsing við hurð og að hundurinn venji sig á að stinga af.

Þó að það sé kannski erfitt, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu þá er mjög gott ef hundurinn fær að þefa af öllum og sé að mestu hundsáður fyrstu mínúturnar, leyfðu honum að skoða sig um og leiðréttu ef hann fer inn í eitthvað herbergi sem þú vilt ekki að hann fari í, t.d. eldhúsið. Sumir hundar eru ekki vanir börnum og finna óöryggi kringum börn, því er gott að biðja börnin að láta hundinn vera fyrst um sinn, þ.e. ekki knúsa og atast í honum en í lagi er að gefa nammi og klappa þegar hundurinn er rólegur og yfirvegaður og slakar á, en í umsjón fullorðins einstaklings. Algengustu aðstæður þegar hundar bíta börn eru þegar þeir eru óöruggir kringum þau og þau ganga of hart að þeim.

Það er mjög gott að hafa hundinn vel hreyfðan fyrir fyrstu nóttina á nýju heimili. Verið búin að ákveða hvar hundurinn á að sofa og sýnið honum bælið/búrið sitt. Sé hundurinn mjög óöruggur er stundum gott að leyfa hundinum að sofa nálægt rúminu og færa bælið/búrið á nokkrum vikum á réttan stað. Ef hundur vælir hundsáðu það eða leiðréttu, hundur á ekki að finna að hann getur stjórnað með væli. Ef hann á að vera í búri yfir nóttina er gott að passa að hann sé rólegur þegar þú lokar og einnig þegar hann fær að fara úr búrinu. Það kennir honum yfirvegun kringum búrið og hann tekur því frekar sem öruggu bæli en sem stað sem hann er fastur á. Einnig er gott að gefa hundi nammi þegar hann er rólegur í búrinu og jafnvel láta hann borða matinn sinn í því meðan hann er enn að venjast.



Að taka að sér hund (5/5)



Ekki leyfa hundinum allt fyrstu dagana og koma svo með einhverjar reglur seinna meir. Það ruglar hundinn og skapar stress fyrir alla. Leiðréttu hann ef hann gerir mistök og verðlaunaðu þegar hann gerir rétt með nammi, klappi eða orði sem hann finnur gleði frá þér en án æsings. Gefðu hundinum tíma til að átta sig og mundu að mistök eru til þess að læra af þeim, því er um að gera að leiðréttu staðfastlega þau mistök sem hundurinn gerir. Með tímanum lærir hundurinn reglur heimilisins og allt kemst í góða rútinu.

Næstu daga er gott að ganga með hundinn og allir á heimilinu ættu að vera með til að hundurinn tengist öllum sem fyrst. Krakkarnir þurfa ekki að halda í tauminn ef hundurinn er stór en endilega labba með. Allir hundar, stórir sem smáir þurfa einhverja hreyfingu daglega og því er gott að venja sig á það. Sérstaklega ef hundurinn er með hegðunarvanda af einhverju tagi er góð hreyfing auk aga undirstaða þess að koma hundinum í rétt horf.

Með öll erfið hegðunarvandamál sem fólk er óöruggt með er gott að leita til fagmanns. Fagmaður í mínum augum er sá sem hefur reynslu í hegðunarvandamálum og notar ekki ofbeldi eða ógnun í aðferðum sínum.

Með kveðju,
Heiðrún Villa



Dýrahjálp Íslands

www.dyrahjalp.is

dyrahjalp@dyrahjalp.is